

Ár 2014, fimmtudaginn 3. júlí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar færði formaður öllum þeim sem komu að Garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ sérstakar þakkir fyrir einstaklega vel unnin störf. Öllum þeim fjölmörgu sem gáfu vörur, þjónustu, gistirými og annað er einnig þakkað þeirra framlag. Samtakamáttur fjölmargra gerir sýningu sem þessa mögulega. Sýningin tókst með eindæmum vel, veðurguðirnir voru okkur hliðhollir og setti það mark sitt á sýningardagana. Allur undirbúningur var í góðum farvegi og erlendir gestir okkar í LandArt verkefni og innlendir sem erlendir blómaskreytar settu sem fyrr ómetanlegan svip á sýninguna. Fyrir þetta allt þakkar bæjarráð af heilum hug. Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Innanríkisráðuneytinu frá 18. júní 2014.**
Í bréfinu eru kynnt ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga um fjárhagsleg viðmið í fjármálum sveitarfélaga. Fjallað um gerð viðauka við fjárhagsáætlanir og hvernig staðið skuli að þeim.
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 12. júní 2014.**
Í bréfinu er fjallað um hlutverk Eftirlitsnefndar og almennt fjallað um fjármálastjórn sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Sýslumanninum á Selfossi frá 24. júní 2014.**
Í erindinu er óskað umsagnar Hveragerðisbæjar á erindi er varðar rekstur gististaðar í flokki II, að Birkimörk 17, Hveragerði.
Bæjarráð samþykkir að erindið verði kynnt nágrönnum með formlegum hætti og tekið til endanlegrar afgreiðslu að því loknu.
- 1.4. **Þjóðskrá Íslands frá 13. júní 2014.**
Í bréfinu er kynnt breytt fasteignamat fyrir árið 2015. Í Hveragerði hækkar fasteignamat um 4,2% og lóðamat um 4,6%. Hækkun á landinu öllu er að meðaltali 7,7% á fasteignum og 7% á lóðum.
Lagt fram til kynningar.
- 1.5. **Sveitarfélaginu Árborg frá 26. júní 2014.**
Í bréfinu er kynnt niðurstaða skoðanakönnunar um sameiningu sveitarfélaga sem fór fram í Árborg samhliða sveitarstjórnarkosningum þann 31. maí 2014.
Lagt fram til kynningar.

- 1.6. **Skákfélaginu Hróknum frá 11. júní 2014.**
Í bréfinu er óskað eftir stuðningi við starf Hróksins í þágu barna og ungmenna á Grænlandi og Íslandi.
Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.
- 1.7. **Eygló Pétursdóttur og Stefáni Ólafi Stefánssyni ódagssett.**
Í bréfinu er óskað eftir að sveitarfélagið beiti sér fyrir lagningu ljósleiðara að Öxnalæk eins og til annarra heimila í Hveragerði.
Bæjarráð samþykkir að fela bærarstjóra að ræða við Gagnaveitu Reykjavíkur um möguleika á að Öxnalækur og önnur hús utan þéttbýlis Hveragerðisbæjar verði tengd ljósleiðaranum.
- 1.8. **Brynleifi Siglaugssyni frá 19. júní 2014.**
Í bréfinu er óskað eftir breytingu á deiliskipulagi þannig að aðkoma að lóðinni komi þar fram. Einnig er óskað eftir afstöðu til byggingar bílskúrs á lóðinni og upplýsingar um væntanlegt nýtingarhlutfall hennar.
Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og mannvirkjanefndar.

2. Tæknileg málefni:

- 2.1. **Fréttir frá starfshópi um undirbúning að stofnun öldungaráðs í Hveragerði.**
Í erindinu er farið yfir starf starfshópsins og lagðar fram samþykktir að öldungaráði.
Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir gott starf. Samþykktirnar verða nú yfirfarnar og lagðar fyrir bærarstjórn til samþykktar í haust.

3. Fjárhagsleg málefni:

- 3.1. **Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 1. júlí 2014 v. klæðningar á Birkimörk 21-27.**
Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir verkinu og lagðar fram 5 mismunandi leiðir að útfærslu þess.
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulags- og byggingafulltrúa og felur honum að semja við verktaka um leið 1.
- 3.2. **Minnisblað frá skrifstofustjóra frá 27. júní v. yfirdráttarheimildar í Arion banka.**
Samkvæmt nýjum reglum óskar Arion banki nú eftir árlegri staðfestingu bærarstjórnar á yfirdráttarheimild í bankanum.
Bæjarráð staðfestir heimild til yfirdráttar í samræmi við tillögur skrifstofustjóra.

3.3. **Erindi frá leikskólastjóra Óskalands frá 27. júní vegna starfsmannamála.**

Í erindinu er óskað eftir auknu stöðugildi vegna stuðnings með börnum.

Bæjarráð frestar afgreiðslu erindisins og óskar eftir formlegri viðaukabeiðni vegna þessa.

Aldís Hafsteinsdóttir vék af fundi

3.4. **Ráðningarsamningur bæjarstjóra.**

Ráðningarsamningur bæjarstjóra lagður fram.

Fulltrúi minnihlutans lagði fram eftirfarandi breytingatillögu:

Við 4. gr. samningsins um launakjör:

Í stað orðanna „Bæjarstjóra skulu greidd laun kr. 1.100.000,- á mánuði“ komi „Bæjarstjóra skulu greidd laun kr. 1.000.000,- á mánuði“.

Í stað orðanna „Skulu launin taka breytingum tvisvar á ári í samræmi við launavísitölu sem í dag er 480,4. Breytingin reiknast 1. janúar og 1. júlí ár hvert“ komi „Skulu launin taka breytingum í hlutfalli við breytingar á launalið kjarasamnings Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS)“.

Í stað orðanna: „Bæjarstjóri skal vinna yfirvinnu eftir þörfum, enda eru laun hans miðuð við það“ komi „Bæjarstjóri vinnur yfirvinnu eftir þörfum og fær ekki greitt sérstaklega fyrir það“.

Við 5. gr. samningsins um önnur starfskjör:

Í stað orðanna „Bifreiðastyrkur skal nema 1.300 km. á mánuði og skal greitt í samræmi við skattmat ríkisskattstjóra“ komi „Bæjarstjóri fái greiddan bifreiðastyrk í samræmi við akstursbók“.

Við 6. gr. samningsins um uppsögn og biðlaun:

Í stað orðanna „Verði samningum sagt upp á ráðningartímabilinu þa bæjarstjóri verði ekki endurráðinn að því loknu skal Hveragerðisbær greiða honum laun í samræmi við 4. og 5. gr. samnings þessa í 6 mánuði frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn eða eftir að starfstíma lýkur skv. 2. gr.“ komi „Verði samningum sagt upp á ráðningartímabilinu er uppsagnarfrestur þrjú mánuðir“.

Greinargerð með breytingartillögum

Mikilvægt er að réttindi og kjör bæjarstjóra séu ekki ríkari en almennra starfamanna bæjarins og af því taka breytingartillögurnar mið.

Skv. könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga á kjörum sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra sveitarfélaga árið 2014 kemur fram að í 12 sveitarfélögum þar sem íbúar eru 2.000-4.999

eru laun framkvæmdastjóra sveitarfélaga að meðaltali kr. 975.000-1.074.000, lægstu laun eru á bilinu kr. 800.000-899.000 og hæstu laun á bilinu kr. 1.100.000-1.199.000. Launakjör skv. framlögðum ráðningasamningi við bæjarstjóra í Hveragerði er því í hæsta lagi og yfir meðaltali. Því er lagt til að föst laun bæjarstjóra sem tilgreind eru í 4. gr. samningsins endurspegli meðaltalskjör framkvæmdastjóra sveitarfélaga að svipaðri stærð og Hveragerði.

Ekki er eðlilegt að binda launakjör bæjarstjóra við launavísitölu en hún er fundin út af launum bæði á almennum vinnumarkaði og opinberum. Sem dæmi má nefna að launavísitala hækkaði um tæp 7% á árinu 2013. Eðlilegra er að binda launakjör bæjarstjóra við hækkun launa hjá Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi – FOSS sem er stéttarfélag margra starfamanna bæjarins. Þannig er lagt til að ráðningarsamningur bæjarstjóra fylgi hækkunum á launaliðum hjá FOSS í stað launavísitölu.

Orðalag um yfirvinnu í 4. gr. ráðningarsamnings er óljóst og rétt að skerpa á því að bæjarstjóri fær ekki greidda yfirvinnu.

Eðlilegt er að bæjarstjóri fái greiddan bifreiðastyrk í samræmi við notkun á eigin bíl. Því er lagt til að bifreiðastyrkur sé greiddur í samræmi við akstursbók í stað 1.300 km. fastrar greiðslu á mánuði sem samsvarar að bæjarstjóri keyri allar götur í Hveragerði 50 sinnum á mánuði. Þá er óeðlilegt að bæjarstjóri fái bifreiðastyrk í sumarleyfi og á biðlaunum eins og ráðningarsamningur gerir ráð fyrir. Ekki er eðlilegt að starfsmanni bæjarins séu greidd laun umfram uppsagnarfrest. Því er lagt til að biðlaunaréttur, sem aðrir starfsmenn bæjarins búa ekki við, verði felldur út úr 6. gr. samningsins og gagnkvæmur uppsagnarfrestur verði þrjú mánuðir eins og hjá öðrum starfsmönnum bæjarins. Ef til uppsagnar kemur á samningstíma er það samkomulagsatriði milli bæjarstjórnar og bæjarstjóra hvort bæjarstjóri vinni uppsagnarfrest.

Njörður Sigurðsson

Hlé var gert á fundi kl. 8:37 - Fundur hófst aftur kl. 8:51

Breytingatillögurnar bornar upp og felldar með atkvæðum meirihlutans. Njörður greiddi atkvæði með.

Ráðningarsamningurinn borinn upp og samþykktur með atkvæðum meirihlutans.

Njörður greiddi atkvæði á móti með eftirfarandi bókun:

Undirritaður greiðir atkvæði gegn ráðningarsamningi við bæjarstjóra þar sem hann veitir einum starfsmanni bæjarins ríkari kjör en öðrum starfsmönnum.

Njörður Sigurðsson

Aldís Hafsteinsdóttir tók aftur sæti á fundinum.

4. Skipan í nefndir og ráð:

- 4.1. **Nefnd oddvita og sveitarstjóra (NOS). Skipan varamanns.**
Bæjarráð samþykkir að skipa Ninnu Sif Svavarsdóttur varamann í NOS.

5. Verkfundargerðir:

- 5.1. **Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 23. júní 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir:

- 6.1. **Umhverfisnefndar frá 25. júní 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

7. Fundargerðir til kynningar:

- 7.1. **Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 4. júní 2014.**
7.2. **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. júní 2014.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:39.

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)